

Reglur Borgarbyggðar

um styrkveitingar til menningarverkefna

1. gr.

Markmið

Að styðja við fjölbreytta menningarstarfsemi í sveitarfélaginu og stuðla að jákvæðri þróun í menningarmálum. Hvetja til nýsköpunar á sviði lista- og menningar í Borgarbyggð.

Tilgreind verkefni samkvæmt framangreindu markmiði eru eftirfarandi:

- Listaverk.
- Útgáfa bókmenntar, vísindagreina, fræðibóka, skýrslna og annað sem hefur menningarlegt varðveislugildi til lengri tíma.
- Útgáfa mynd- og hljóðdíska sem hafa menningarlegt gildi og sýnilega sérstöðu.
- Styrkir til smærri menningarviðburða í sveitarfélaginu.
- Varðveisla menningarminja.
- Styrkir til að varðveita menningararfleið, til að mynda húsa- og upplýsingaskilti.

2. gr.

Hlutverk

Atvinnu-, markaðs- og menningarmálanefnd fer með úthlutun styrkja og gerir það samkvæmt reglum þessum og með menningarstefnu sveitarfélagsins til hliðsjónar.

3. gr.

Skil umsókna

Umsóknum skal skilað rafrænt á vefsíðu sveitarfélagsins, í þjónustugáttinni á þar til gerðu eyðublaði. Með umsókn skal fylgja kostnaðaráætlun og verkáætlun þar sem fram kemur umfang og tími verkefnis. Þá skal einnig taka fram fjárhæð sem sótt er um.

Umsókn sem skilað er án upplýsinga og fylgiskjala sem fram koma í 1. mgr. telst ófullnægjandi og er ekki tekin til afgreiðslu á fundi atvinnu-, markaðs- og menningarmálanefndar.

Vakin er athygli á að umsóknir eru teknar fyrir á fundi atvinnu-, markaðs- og menningarmálanefndar. Helstu upplýsingar í umsóknum og niðurstöður styrkveitinga eru gerðar opinberar í fundargerð nefndarinnar eftir afgreiðslu erinda.

4. gr.

Afgreiðsla erinda

Umsóknir eru teknar fyrir þrisvar sinnum á ári, á nefndarfundi í maí, september og desember.

Fundirnir fara fram að öllu jafnaði einu sinni í mánuði.

Umsóknir þurfa að berast í síðasta lagi viku fyrir fund.

5. gr.

Umsækjendur

Umsækjendur geta verið einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir með lögheimili í Borgarbyggð. Hafi umsækjandi áður fengið styrk skv. reglum þessum skal hann upplýsa um árangur og framkvæmd þess verkefnis.

Umsækjandi ábyrgist að fullnægjandi leyfi séu fyrir framkvæmd verkefnis sem og öðrum þáttum er snúa að verkefninu.

Við auglýsingu á viðburði/verkefni skal styrkþegi láta styrkveitingu Borgarbyggðar koma fram.

6. gr.

Forsendur til styrkveitinga

- Ekki er veittur styrkur fyrir viðburði og verkefni sem hafa átt sér stað. Tekið er mið af dagsetningu umsóknar.
- Einungis er styrkt til verkefna og viðburða sem fara fram í Borgarbyggð.
- Verkefnið og/eða viðburðurinn þarf að auðga menningarlíf Borgarbyggðar. Við ákvörðun um úthlutun er horft til þess hvaða menningarlega arfleið verður eftir í sveitarfélaginu.

Atvinnu-, markaðs- og menningarmálanefnd áskilur sér rétt til að hafna umsóknum.

Samkvæmt 21. gr. stjórnssýslulaga þarf ekki að rökstyðja ákvörðun um úthlutun styrkja á sviði lista og menningar.

7. gr.

Fjárhæð styrkja

Atvinnu-, markaðs- og menningarmálanefnd ákveður fjárhæð styrkveitinga hverju sinni.

Nefndin áskilur sér rétt til þess að styrkja verkefni í heild eða að hluta til.

8. gr.

Útborgun styrkja

Styrkir eru greiddir út í einu lagi inn á þann bankareikning sem kemur fram í umsókn að loknu afgreiðslu málsins á atvinnu-, markaðs- og menningarmálafundi.

9. gr.

Endurgreiðslukrafa

Hafi styrkur verið greiddur til verkefnis en af framkvæmd þess hafi síðan ekki orðið samkvæmt þeim upplýsingum sem nefndin aftar, ber styrkþega að endurgreiða hann.

10. gr.

Gildistími

Reglugerð þessi gildir til og með 31. desember 2021 og skal endurskoða að þeim tíma loknu.

Samþykkt á 23.fundi atvinnu-, markaðs- og menningarmálanefndar 6. apríl 2021

Samþykkt á 213. fundi sveitarstjórnar 8. apríl 2021.